

Borgarráð 5. september 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um heildarkostnað vegna stafrænnar umbreytingar Reykjavíkurborgar

Vísað er til svars þjónustu- og nýsköpunarsviðs sem lagt var fram undir 10. lið fundargerðar stafræns ráðs þann 28. ágúst sl. um heildarkostnað vegna stafrænnar umbreytingar Reykjavíkurborgar. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hvernig merkingum fjárheimildarbeiðna er háttáð hjá þjónustu og nýsköpunarsviði? Óskað er upplýsinga um allar og hversu margar tegundir merkinga fjárheimilda eru til staðar hjá þjónustu og nýsköpunarsviði? Hvað heita merkingarnar og hvaða bókhaldslyklar tilheyra hverri merkingu fyrir sig? Einnig er óskað upplýsinga um hvaða merkingar eða bókhaldslyklar eru það sem reiknaðir voru saman til þess að fá þær heildarupphæðir sem gefnar voru upp í svarinu sem lagt var fram.

Greinargerð:

Fulltrúi Flokks fólksins grunar að þær heildartölur sem komu fram í svari stafræns ráðs sýni ekki nema hluta raunverulegs kostnaðar sviðsins vegna stafrænnar umbreytingar. Eins og Flokkur fólksins hefur hefur verið að benda á síðustu misseri hefur sviðið fengið miklar upphæðir úthlutað í ýmsar hugbúnaðaruppfærslur og innleiðingar sem ekki hafa verið merktar undir kostnaðarliðum stafrænnar umbreytingar heldur eignfærðar með eignasjóðsmerkingum eða öðru. Telur fulltrúi Flokks fólksins því að miklu máli skipti að gerð verði fullnægjandi grein fyrir öllum þeim fjárheimildum sem sviðið hefur fengið úthlutað til þess að hægt sé að hafa raunverulegt gegnsæi á það fjármagn sem til sviðsins hefur streymt í nafni stafrænnar umbreytingar og annarra skyldra verkefna.